

## Viðauki við samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íslensku óperunnar um ráðstöfun rekstrarframlags

1. gr.

Gildistími, sbr. 7. gr., í samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Íslensku óperunnar kt. 491080-0279 dags. 26. október 2016 framlengist til 31.12.2021.

2. gr.

Við 2. gr. samningsins bætist ný málsgrein svohljóðandi:

2.5. Óperan skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lögum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, lög um opinber fjármál, nr. 123/2015 og lög um nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

3. gr.

Greinar 2.1. og 2.2. í samningnum falla út í heild og í stað þeirra kemur eftirfarandi: Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis til Íslensku óperunnar er 216,3 m.kr. fyrir árið 2021.

4. gr.


1. mgr. 4. gr. samningsins orðast svo:

Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sitt til Íslensku óperunnar í tólf greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar. Greitt er inn á reikning í viðskiptabanka Íslensku óperunnar.


5. gr.

3. mgr. 7. gr. samningsins fellur út í heild.

Reykjavík, 7. júlí 2021



Lilja D. Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra



Steinunn Birna Ragnarsdóttir  
óperustjóri